

## UMBURÐARBRÉF

### um mat á eftirlitsreglum.

Þegar frumvarp að reglum um opinbert eftirlit, sem fellur undir 1. mgr. 1. gr. laga nr. 27/1999, er samið, skal meta þörf á eftirlitinu, þjóðfélagslegt gildi þess og kostnað af því og semja um það greinargerð. Þetta á við hvort heldur þegar um nýsmíði er að ræða eða eldri reglur endurskoðaðar.

Atriði sem meta skal eru tilgreind í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1999 og nánar útfærð í II. kafla reglugerðar nr. 812/1999 og gátlista er henni fylgdi. Gátlistinn er jafnframt birtur á netinu: <http://brunnur.stjr.is/interpre/for/for.nsf/pages/eftirlitsnefnd>.

Greinargerð um mat skal fylgja frumvarpi við meðferð þess til ríkisstjórnar eða eftir atvikum til staðfestingar, sé málið ekki borið upp í ríkisstjórn, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1999.

Á vegum forsætisráðuneytisins er starfrækt nefnd til ráðgjafar um framkvæmd laga nr. 27/1999 og eftirlitsstarfsemi hins opinbera. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að markmið laga nr. 27/1999 nái fram að ganga. Í því skyni er hún reiðubúin að veita ráðuneytunum og öðrum stjórnvöldum ráðgjöf við þróun aðferða við mat á eftirlitsreglum og veita umsagnir um greinargerðir um slíkt mat.

*Forsætisráðuneytinu, 12. janúar 2001.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Skarphéðinn Steinarsson.*